

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Hefur tónlistariðkun
og tónlistaráhugi áhrif á einkunnir nemenda ?
Niðurstöður athugunar

Guðrún Helga Magnúsdóttir
191274-3699
Svava Zophaníasdóttir
150781-3889

Kennaraháskóli Íslands
Grunnskólabraut
Maí 2007

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um niðurstöður athugunar á tónlistariðkun og áhrifa hennar á einkunnir nemenda í 8. bekk í Garðaskóla. Einnig er fjallað um niðurstöður athugunarinnar á áhuga nemendanna á tónlist. Athugunin var gerð árið 2006. Gerð var spurningalistakönnun með 30 spurningum tengdum tónlistariðkun og áhuga á tónlist. Síðan var unnið úr niðurstöðum spurningalistanna sem 64 nemendur úr 8. bekk í Garðaskóla svöruðu.

Helstu niðurstöður athugunarinnar eru að flestir nemendur í 8. bekk í Garðaskóla hafa mikinn áhuga á tónlist og margir hafa stundað tónlistarnám utan skóla. Einnig kemur fram að lítil fylgni er á milli áhuga á tónlist, hlustunar og þess að sækja tónleika og lesa tónlistartímarit ásamt því að hafa stundað tónlistarnám áður en komið var upp í 8. bekk. Það er fylgni á milli stærðfræðieinkunnar og þess að leggja stund á tónlistarnám en nánast engin fylgni er á milli einkunnar í íslensku og þess að leggja stund á tónlistarnám.

Formáli

Þessi B-ed ritgerð er verkefni kennaranema við Kennaraháskóla Íslands vorið 2007. Ritgerðin er rannsóknarverkefni sem fjallar um tónlistariðkun unglunga og einkunna þeirra í íslensku og stærðfræði í 8. bekk í Garðaskóla. Vægi verkefnisins eru 3 einingar. Leiðbeinandi er Kristín Valsdóttir aðjunkt við tónlistardeild Kennaraháskóla Íslands.

Rannsóknarverkefnið byggir á spurningalista sem lagður var fyrir 64 nemendur í 8. bekk í Garðaskóla. Foreldrum þátttakendanna er hér með þakkað fyrir að veita okkur leyfi til að leggja könnunina fyrir börn þeirra og skólastjóra Garðaskóla fyrir að samþykkja fyrirögn í Garðaskóla og auðvelda okkur þessa vinnu. Tónmenntakennari 8. bekkjar í Garðaskóla fær einnig þakkir fyrir að leggja spurningalistann fyrir nemendur sína. Síðast en ekki síst viljum við þakka þátttakendum í rannsókninni fyrir að svara spurningalistanum af mikilli samviskusemi, án þeirra vinnu hefði lítið orðið úr þessu verkefni.

Kristín Valsdóttir fær þakkir fyrir leiðsögn þessa verkefnis og Þórdís Þórðardóttir fær einnig þakkir fyrir aðstoð sína og leiðsögn.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	6
2. Rannsóknaraðferð	7
2.1. Gerð spurningalistans.....	9
2.2. Þátttakendur og leyfi.....	10
2.3. Úrvinnsla og niðurstöður.....	10
3. Aðrar rannsóknir	11
3.1. Íslenskar rannsóknir.....	11
3.2. Rannsókn Sigríðar Teitsdóttur.....	12
3.3. Rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttir og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttir.....	13
4. Erlendar rannsóknir	15
4.1. Rannsóknir taugafrumuvísindamanna.....	15
4.2. Rannsókn Joyce M. Cheek og Lyle R. Smith.....	15
4.3. Erlendar samanburðarrannsóknir.....	16
5. Samantekt	17
6. Niðurstöður	19
6.1. Niðurstöður fylgnireikninga.....	37
7. Umræður	38
8. Fylgiskjöl	39

Myndaskrá

Mynd 1.....	19
Mynd 2.....	20
Mynd 3.....	21
Mynd 4.....	22
Mynd 5.....	23
Mynd 6.....	24
Mynd 7.....	25
Mynd 8.....	26
Mynd 9.....	26
Mynd 10.....	27
Mynd 11.....	28
Mynd 12.....	2830
Mynd 13.....	30
Mynd 14.....	31
Mynd 15.....	32
Mynd 16.....	33
Mynd 17.....	34
Mynd 18.....	35
Mynd 19.....	36

1. Inngangur

Í ritgerð þessari verður fjallað um samband tónlistaráhuga eða -iðkunar og árangurs í námi. Eins og fram hefur komið var athugun gerð, af kennaranemum í Kennaraháskólanum, um það hvort að tónlistaráhugi hafi áhrif á námsárangur nemenda í 8. bekk í Garðaskóla.

Leitað verður svara við þeirri spurningu hvort nemendur sem hafa áhuga á tónlist standi sig betur í námi og hvort þeir hafi meiri áhuga á náminu en hinir.

Niðurstöður rannsókna sýna að nemendur sem að stunda listgreinar af einhverju tagi eru oft með hærri einkunnir en þeir sem ekki gera það. Út frá því má draga þá ályktun að listgreinakennsla geti borgað sig á einhvern hátt. Fjallað verður um samband tónlistariðkunnar og námsgengis í stærðfræði og íslensku en ekki verða áhrifavaldar eins og t.d félagslegir þættir skoðaðir.

Tónlist hefur á öllum tímum í öllum samfélögum verið samofin lífi og starfi manna. Í gleði og í sorg, við vinnu heima og að heiman, í átökum og í friði, til örvarar, sefjunar og hvíldar, alls staðar er tónlistin. Hún hefur upphafið andann, sameinað, varðveitt söguna og útskýrt það sem orð fá ekki sagt. Ekkert svið mannlegrar tilveru er án tónlistar. Skólinn er samfélag og tónlistin á að hafa þar sama hlutverk og í þjóðfélaginu í heild sinni (Aðalnámskrá grunnskóla 1999).

Zillmann og Gan (1997) skrifuðu bókarkafli um tónlistarsmekk unglunga þar sem þau fjalla um hvort hlustun á dægurlagatónlist af ólíkri gerð geti skapað eða styrkt jákvæð félagsleg gildi og jákvæðar tilhneigingar hjá unglingum. Samkvæmt umfjöllun þeirra hlusta unglingar á tónlist til þess að drepa tímann, vinna gegn einsemd, skapa spennu, komast í gott skap, slaka á og draga úr áhyggjum þeirra. Allt eru þetta mikilvægir þættir í lífi og þroska unglunga. Því hlýtur það að vera nauðsynlegt fyrir alla skóla að bjóða upp á kennslu tónmenntar til þess að ýta undir tónlistaráhuga unglunga. Okkur ber sem fullorðnu fólki að gæta hagsmuna unglunga og passa að þeir fái þá menntun sem að lög segja til um. Það kemur skýrt fram í Aðalnámskrá grunnskóla að nemendur grunnskólanna eigi rétt á tónmenntarkennslu og þar segir að tónlist sé mikilvæg atvinnugrein í nútímaþjóðfélagi. Tónlistarfræðsla í grunnskólum er liður í menntun þeirra nemenda sem síðar meir kunna að leggja stund á þessa grein til frekara náms og starfs

(Aðalnámskrá grunnskóla 1999). Það er því mikilvægt að unglingar fái notið tónlistar og þrói tónlistarsmekk sinn undir handleiðslu tónlistarkennara. Það er þó ekki alltaf þannig því tónmenntakennara vantar víða á unglingastigi (Fræðslumiðstöð, 2003) Oft eru ástæður sagðar þær að það vanti tónmenntakennara og enginn kennari í skólanum treystir sér til þess að kenna greinina. Því er brugðið á það ráð að setja inn aðra tíma í stað tónmenntarinnar. Ástæður þess að aðrir kennarar treysta sér illa til þess að kenna tónmennt eru oft sagðar þær að lítið námsefni sé til fyrir tónmenntakennslu og verða tónmenntakennarar að útbúa sitt kennsluefni að miklum hluta sjálfir. Þrátt fyrir að tónmenntakennslan víki fyrir öðrum greinum í skólum landsins sýna rannsóknir að hún er mjög mikilvæg fyrir nemendur skólanna. Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir (2004) segja að í nýlegum rannsóknum komi það fram að þátttaka unglunga í tónlistarnámi hafi jákvæð áhrif á námsárangur þeirra. Rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur (2004) beinist meðal annars að því hvort að tónmennt hafi áhrif á einkunnir nemenda og hvort að nemendur sem stunda tónlist með einhverju móti séu sterkari nemendur en ella. Það kemur fram í rannsókn þeirra að þeir nemendur sem stunda tónlistarnám fá hærri einkunnir en þeir nemendur sem ekki stunda tónlistarnám.

Það hlýtur að vera almennur vilji fólks að efla alhliða menntun nemenda og að kennd séu fög sem stuðli að betra námsgegni og jafnvel hærri einkunnum nemenda í skólum. Við komum inn á það hér á eftir því niðurstöður úr rannsókn okkar um áhuga unglunga á tónlist verða birtar hér ásamt því að vera bornar saman við bæði innlendar og erlendar rannsóknir sem hafa verið gerðar um svipað og sama efni.

2. Rannsóknaraðferð

Við gerð spurningalista er nauðsynlegt að gera svarendum auðvelt fyrir að svara þeim spurningum sem fyrir þá eru lagðar. Þannig verður fólk viljugara að svara og leggur sig betur fram við að svara spurningunum sem skilar sér í nákvæmari svörum. Því skiptir uppsetning spurningalistans miklu máli ásamt samspil spurninga og svarkosta (Þorlákur Karlsson 2003:332). Helsti kostur spurningalista er að það er hægt að safna miklu magni af upplýsingum á stuttum tíma. Það þarf að vanda til verka við gerð spurningalista t.d.

þarf að velja úrtak vel og notast við leiðbeiningar við gerð sjálfs spurningalistans. Þegar spurningalisti er saminn þarf viðkomandi að hafa þekkingu á viðfangsefninu sem rannsakað er og þekkingu á því málvari sem svarendur nota, einnig þarf að hafa þekkingu á gerð spurningalista. Til þess að listinn virki þarf sá sem svarar honum að skilja spurningarnar eins og rannsakandinn, að hafa upplýsingar til þess að geta svarað spurningalistanum, að geta komið upplýsingum frá sér og vilja það. Til þess að svo megi verða þurfa spurningarnar að vera skýrar og einfaldar. Það að spyrja um eitt í einu auðveldar úrvinnslu gagnanna. Spurningar eiga ekki að vera leiðandi og jafnvægi á að vera í þeim, formáli og útskýringar geta valdið skekkju. Fullyrðingar eru meira leiðandi en spurningar. Það þarf að fá sérfræðing til þess að leiðbeina og lesa yfir spurningalistann og það þarf líka að prófa spurningalistann á sambærilegum hópi. Þegar spurt er um viðhorf þarf að reyna að nota fleiri en eina spurningu til þess að meta viðhorfið, reyna að orða spurninguna þannig að svarandi geti ekki ályktað um skoðun spyrjandans, bjóða upp á nokkra svarmöguleika, bjóða upp á valkostinn „ég veit ekki” en aðeins ef ástæða þykir til. Útlit spurningalistans skiptir máli og passa verður að hafa hann einfaldan og að aðgreina spurningu frá svarkostum og fyrirmælum. Athuga þarf að ef þátttakendur eru yngri en 18 ára þá þarf leyfi frá foreldrum eða forráðamönnum (Þorlákur Karlsson 2003:332, Amalía Björnsdóttir, 2005). Við gerð spurningalistans höfðum við þessar upplýsingar að leiðarljósi.

Rannsóknarspurningarnar eru eftirfarandi:

- Er tónlistariðkun algeng hjá nemendum í 8.bekk í Garðaskóla ?
- Hefur tónlistariðkun áhrif á námsárangur nemenda í íslensku og stærðfræði í 8.bekk í Garðaskóla ?

Ef niðurstöðurnar benda til þess að tónlistariðkun hafi áhrif á námsárangur nemenda á jákvæðan hátt þá er hægt að nota þær til þess að styrkja kennslu tónmenntar í skólum í dag.

Hafa ber í huga að það gæti skekkt niðurstöður athugunarinnar ef tónlistariðkun er algeng yfir höfuð hjá nemendum í Garðaskóla.

2.1. Gerð spurningalistans

Könnuð er tónlistariðkun nemenda í 8. bekk í Garðaskóla með sérstakri áherslu á hvort hún hafi einhver áhrif á einkunnir þeirra í stærðfræði og íslensku. Aðrir þættir sem kunna að hafa áhrif á námsárangur nemendanna eru ekki skoðaðir hér. Spurningalisti var lagður fyrir nemendur í 8. bekk í Garðaskóla haustönnina 2006 og nemendurnir beðnir um að svara listanum. Nemendur voru láttnir vita að þeir þyrftu ekki að svara spurningalistanum ef þeir vildu það ekki.

Spurningalistinn var lagður fyrir þá nemendur sem foreldrar samþykktu að tækju þátt í könnuninni (sjá fylgiskjal 1). Svörin voru síðan kóðuð í SPSS forriti til hægðarauka fyrir tölfraðilega úrvinnslu. Höfundar voru í vettvangsnámi í Garðaskóla þar sem könnunin var gerð og því þótti það tilvalið að nota nemendur í Garðaskóla sem úrtak. Kennari nemendanna lagði fyrir spurningalistann, fyrir kennaranemana í kennslutíma.

Spurningalisti (sjá fylgiskjal 2) var saminn sérstaklega fyrir þessa könnun til þess að finna svör við rannsóknaspurningum. Kastljósinu var beint að tengslum tónlistariðkunar, einkunna nemenda í 8. bekk í Garðaskóla og tónlistaráhuga þeirra. Spurt var um fjölmarga þætti sem tengjast tónlist og tónlistariðkun ásamt því sem spurt var um áhuga nemenda á einstaka fögum í skólanum eins og íslensku og stærðfræði. Tilgangurinn með þeim spurningum var m.a. að kanna hvort þeir nemendur sem iðka tónlist hafi líka jákvætt viðhorf til námsins í heild. Einnig spurðum við nemendur hvort þeir ætluðu að fara í framhaldsskóla og háskóla að grunnskólaprófi loknu. Allar þessar spurningar voru svo bornar saman við það hvort að nemandinn iðki tónlist eða ekki.

Spurningalistinn samanstendur af 32 lokuðum spurningum. Listinn var lesinn yfir og athugasemdir gerðar af fagmanni. Listinn var forprófaður á þremur nemendum 8. bekkjar Háteigskóla og þeir beðnir um að gera athugasemdir við þær spurningar sem þeim fannst þungar eða óskiljanlegar.

Aftur var spurningalistinn lagaður og nú var honum svarað af öðrum unglíngum úr 8. bekk sem voru beðnir um að gera athugasemdir við hann.

Að lokum var listinn prófaður af tveimur fullorðnum aðilum og lagfærður eftir þeirra athugasemdir.

2.2. Þátttakendur og leyfi

Nemendur í 8. bekk Garðaskóla í Garðabæ eru þátttakendur í þessu úrtaki. Garðaskóli er unglingskóli með nemendum í 8.-10. bekk og af þeim nemendum er 8. bekkur sá eini sem er með tónmennt í kennsluskyldu. Þó er mjög öflugt tónmenntastarf í 9. og 10. bekk en þar velja nemendur sér tónmennt svo það hentaði ekki fyrir þessa rannsókn. Nemendur í 8. bekk urðu því fyrir valinu því í Garðaskóla fer fram kennsla í tónmennt skv. stundaskrá í hverri viku.

Ásamt leyfi frá skólastjóra um fyrirlögnina fengum við leyfi til þess að skoða einkunnir þeirra nemenda í stærðfræði og íslensku sem fengu að taka þátt í könnuninni og bera þær saman við tónlistariðkun og áhuga nemenda.

Heildarfjöldi nemenda í 8. bekk er 120 og 70 foreldrar og forráðamenn gáfu leyfi til þátttöku en 64 af þeim 70 svöruðu könnuninni. Nemendurnir voru í sinni eigin skólastofu með sinn kennara þegar spurningalistinn var lagður fyrir. Þessi hópur var valinn þar sem auðvelt var að ná til hans og er því um hentugleikaúrtak að ræða.

Spurningalistarnir voru merktir með nöfnum nemenda svo að við gætum borið einkunnir þeirra saman við hvort þeir hefðu áhuga á tónlist eða ekki. Nemendur svöruðu listunum og þeim var síðan safnað saman af kennara Garðaskóla sem lagði spurningalistana fram fyrir okkur.

2.3. Úrvinnsla og niðurstöður

Spurningalistinn var kóðaður í SPSS forriti. Tíðni og hlutföll voru reiknuð ásamt fylgni á milli einkunna í íslensku og stærðfræði og tónlistaráhuga. Unnin voru gröf sem sýna svörun nemenda við spurningunum á listanum.

Athugað var hvort fylgni væri að finna á milli tónlistariðkunar og einkunna í íslensku og stærðfræði og milli tónlistaráhuga og hlustunar á tónlist.

Hér eru birt svör við einstökum spurningum eins og þær komu fyrir í þeim spurningalista sem lagður var fyrir nemendum Garðaskóla í könnuninni, sbr. (fylgiskjali 3). Svör við hverri spurningu eru sýnd með grafi og texta og þannig ætlað að varpa ljósi á hvernig

spurningunum var svarað af nemendum Garðaskóla. Nokkrum spurningum hefur verið sleppt. Í texta er greint frá þeim atriðum sem talin eru veita upplýsingar um tónlistariðkun og tónlistaráhuga nemenda og gerð er grein fyrir niðurstöðum fylgnireikninga.

3. Aðrar rannsóknir

3.1. Íslenskar rannsóknir

Á árunum 1968-1970 gerðu Stefán Edelstein og Guðmundur Guðbrandsson rannsóknir í nokkrum skólum í Reykjavík og nágrenni á fyrstu fjórum bekkjum íslenskra grunnskóla. Talið er að þetta hafi verið í fyrsta sinn sem sambærileg tilraun var gerð á sviði tónmennta á Íslandi, þ.e.a.s. þar sem viðhorf nemenda til greinarinnar tónmennt er kannað. Á svipuðum tíma var gerð könnun í Ungverjalandi um áhrif aukinnar tónmenntarkennslu, nánar tiltekið söngkennslu, á námsárangur nemenda í öðrum greinum. Kennarar og sálfræðingar í Ungverjalandi héldu því fram að nemendur sem nutu markvissrar söngkennslu daglega næðu betri námsárangri í lestri, stafsetningu og jafnvel reikningi, að líkamsþroski og öndunarþol þeirra væri meira og að þeir væru félagslega þroskaðri en nemendur sem nutu einungis tónmenntarkennslu 1-2 sinnum í viku (Stefán Edelstein, 1976:7). Hinsvegar kom í ljós að nemendaúrtakið var mjög lítið og mælingaaðferðir stóðust alls ekki kröfur um vísindalegar aðferðir. Réttara er því að túlka þessar niðurstöður ungverjanna sem vísbendingar sem gefa tilefni til frekari rannsókna.

Tilefni rannsóknar Stefáns Edelstein og Guðmundar Guðbrandssonar var að Skólarannsóknir menntamálaráðuneytisins gáfu skólum í Reykjavík og utan Reykjavíkur árið 1967 kost á að gera rannsóknir eða reyna nýjungar á námsefni og kennslutilhöggun. Stefán Edelstein og Guðmundur Guðbrandsson yfirkennari, þáverandi formaður Söngkennarafélags Íslands, sóttu um að gera tilraun með aukna og breytta tónmenntakennslu í neðri bekkjum barnaskólans og hlaut umsóknin samþykki Skólarannsóknna. Þrír skólar í Reykjavík og einn utan Reykjavíkur samþykktu að taka þátt í rannsókninni. Það kom svo reyndar í ljós skömmu síðar að einn Reykjavíkurskólanna

gat ekki tekið þátt í tilrauninni þar sem enginn tónmenntakennari (söngkennari) kenndi við skólann þann vetur. Ákveðið var samt að hafa skólann með í eitt skólaár til að fá upplýsingar um viðhorf nemenda til tónmenntar og annarra greina þótt engin tónmenntarkennsla færi þar fram, einmitt til samanburðar við aðra skóla þar sem greinin var kennd. Skólarnir voru því 4, bekkirnir 38 og nemendur samtals 896.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru á þá leið að nemendur í 1. bekk höfðu jákvæðasta viðhorfið til söngs sem svo dvínaði töluvert eftir 2 ár í rannsókninni, s.s. þegar sömu nemendur voru komnir í 3. bekk. Mismunandi jákvætt eða neikvætt viðhorf nemenda til ýmissa námsgreina innan sama skóla eða milli skóla virðast helst ákvarðast af bekkjunum, þ.e. þeim kennslustíl sem ríkir í bekkjunum (kennaraáhrif), svo og sennilega „gæðaflokkun” bekkjanna. Með gæðaflokkun er átt við að bekkirnir voru flokkaðir eftir getu nemenda. Athyglisvert er að viðhorf nemenda til hinna ýmsu námsgreina og tómsundabátta á fyrsta skólaári virðast vera mjög svipuð, óháð því hvort þeir eru í „góðum” eða „lökum“ bekkjum. Tilraun var gerð með að auka tónmenntakennslu um þriðjung hjá nemendum í 1.-3. bekk, samt sem áður hafði það ekki áhrif á viðhorf nemenda til greinarinnar. Það sama virðist vera ríkjandi; áhugi á greininni tónmennt dvínar eftir því sem á skólagönguna líður. Það eru því skýrar niðurstöður í þessari rannsókn að aukin kennsla í tónmennt hefur ekki haft nein áhrif á nemendur í þá átt að skapa jákvætt viðhorf hjá þeim gagnvart greininni tónmennt. Þetta eru vissulega mjög athyglisverðar niðurstöður. Nú er vitað að það eru fleiri þættir sem hafa jafnvel meiri áhrif eins og námsefni, kennsluaðferðir, virkni nemenda, kennarans o.fl.

3.2. Rannsókn Sigríðar Teitsdóttur

Sigríður Teitsdóttir rannsakaði hvort samband væri á milli tónlistariðkunar barna á grunnskólaaldri og námsgengis í bóklegum greinum. Hún lagði spurningalista fyrir 506 nemendur í 7. og 8. bekk í grunnskólum Kópavogs vormisserið 1999.

Niðurstöður Sigríðar sýndu mun meðal einkunna eftir því hvort nemendur lögðu stund á tónlist eða ekki. Niðurstöður hennar sýndu einnig að fjölmargir þættir, auk tónlistarinnar, tengjast árangri í námi með marktækum hætti. Má þar nefna sjálfsmynd, fjölskylduhagi, félagslega umgjörð nemandans og þátttaka í skipulögðu tómsundastarfi skiptir máli.

Tvöfalt algengara er að tónlistarhópurinn eigi móður og/eða föður með háskólamenntun og sem gegnir krefjandi starfi. Það er mun algengara að tónlistarhópurinn búi í rúmgóðu húsnæði og er þá bæði átt við fjölbýli eða sérbyli og herbergjafjölda. Minna er um búferlaflutninga innan þess hóps. Tónlistarhópurinn býr síður við félagslega einangrun og mun fleiri innan hópsins telja samskipti sín við kennara ganga mjög vel. Sjálfsmynd þessa nemenda er sterkari og mun fleiri innan hópsins eru alveg vissir um að þeir séu jafnklárir og jafnaldrar þeirra. Ásókn í aðrar greinar en tónlist utan grunnskólans er síður en svo minni hjá tónlistarhópnum því hún er 84% á móti 78% hjá samanburðarhópnum. Það virðist því vera sem svo að nemendur í tónlistarhópnum séu skipulagðari en hinir því einhvern veginn verða þeir að koma sinni dagskrá saman utan skólatíma.

Í Aðalnámskrá grunnskóla – Listgreinar, segir að tónlist sé sérstakur þáttur í mannlegri greind sem hægt sé að þroska með markvissri kennslu og þjálfun. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla frá 1999 er gert ráð fyrir að listgreinar fái alls 11% af bundnum stundum. Þá er vert að athuga að hér er verið að tala um myndmennt, textílmennt, tónmennt, leikræn tjáning og dans og gert er ráð fyrir 4 stundum á viku í 1. -8. bekk. Það er svo undir hverjum skólastjórnanda fyrir sig að ráðstafa þessum tímum nánar, þ.e.a.s. hvað fær hver grein fyrir sig mikinn tíma á viku. Í Aðalnámskrá grunnskóla 2006 hafa listgreinar 9,5% bundinna stunda og hefur vægi þeirra því lækkað um 1,5% frá 1999 (Aðalnámskrá grunnskóla, 2006).

3.3.Rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttir og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttir.

Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir gerðu rannsókn að tilstuðlan Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar árið 2000 og náði rannsóknin til nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi. Svarhlutfallið var 88% og sáu kennarar um að leggja spurningalistana fyrir. Unnið var með tvo hópa nemenda, annars vegar nemendur sem stunda tónlistarnám einu sinni í viku eða oftar og hins vegar nemendur sem ekki stunda tónlistarnám svo oft.

Um 17% nemenda stunda tónlistarnám einu sinni í viku eða oftar. Það vakti athygli að töluvert fleiri stelpur en strákar stunda tónlistarnám svo oft eða nær tvöfalt fleiri (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2000).

Einkunnir nemenda voru skoðaðar og tengsl könnuð milli ástundunar tónlistarnáms annars vegar og einkunna og viðhorfs til náms og skóla hins vegar. Niðurstöður gefa til kynna að unglingar sem stunda reglulegt tónlistarnám hafi jákvæðari viðhorf til náms og skóla almennt séð og gangi betur í skólanum samanborið við jafnaldra þeirra sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2000). Hér hafa stelpurnar einnig betur ef einkunnir eru skoðaðar eftir kynjum og er um töluverðan mun að ræða.

Í rannsókninni voru einkunnir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku skoðaðar og var athyglinni beint að þeim nemendum sem voru með einkunnina 8 eða hærrí í þessum greinum. Í ljós kom að herra hlutfall nemenda sem stunda reglulegt tónlistarnám hefur fengið háa einkunn í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku samanborið við aðra nemendur sem ekki stunda reglulegt tónlistarnám. Nemendur sem stunda reglulegt tónlistarnám hafa einnig jákvæðara viðhorf til námsins, eru betur undirbúnir fyrir kennslustundir og finna meiri tilgang með náminu en aðrir nemendur (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2000).

Niðurstöður Ingu Dóru Sigfúsdóttur og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur sýna að tónlistarnám hefur sjálfstæð tengsl við námsárangur umfram tengsl við foreldra þó að aðrir þættir hafi vissulega sín áhrif. Menntun foreldra hefur sterk áhrif á líkur þess að unglíngum gangi vel í námi og þá aukast líkur á velgengni í námi eftir því sem stuðningur foreldra, eftirlit og samvera með þeim eykst. Miðað við niðurstöður rannsóknar Ingu Dóru Sigfúsdóttur og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur eru um 17% nemenda í 9. og 10. bekk í tónlistarnámi utan grunnskólans en það er nærri 1/5 nemenda á þeim aldri sem verður að teljast nokkuð gott (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2000).

4. Erlendar rannsóknir

4.1. Rannsóknir taugafrumuvísindamanna

Árið 1991 benti Nisbet á náið samband milli tónlistarmerkja/tákna sem notuð eru til að segja til um takt/rytma og stærðfræðilegra merkja sem notuð eru í brotahugtökum (Nisbet, 1991). Einnig hafa margar rannsóknir verið gerðar til að skoða tengslin milli þjálfunar á hljóðfæri og árangur nemenda í skóla. Taugafrumuvísindamenn grunar að þegar börn æfa sig með því að vera virk í tónlistarstarfi þá þjálfist taugafrumur þeirra og styrkist sem hefur hugsanlega áhrif á greind þeirra (Rayl, 1995; Martin 1995). Þá er átt við getu þeirra í stærðfræði, rökhugsun og getu þeirra til að takast á við flókin rökstuðningsverkefni (Wenger og Wenger, 1990).

4.2. Rannsókn Joyce M. Cheek og Lyle R. Smith

Í grein eftir Cheek & Smith; *Music training and mathematics achievement* eru bornar saman niðurstöður ITBS stærðfræðiprófa sem framkvæmd eru á 8. bekkjum í Bandaríkjunum. Allir nemendurnir í þessari rannsókn höfðu tekið ITBS prófið (Iowa Test of Basic Skills). Niðurstöður rannsókna á nemendum sem fengið höfðu tónlistarkennslu voru bornar saman við aðra nemendur sem höfðu fengið einkakennslu í tónlist auk skólakennslunnar og einnig voru nemendur bornir saman eftir því hvort þeir höfðu fengið kennslu á hljómborð/píanó eða á annað hljóðfæri (Cheek J. M og Smith L. R, 1999). Nemendur sem höfðu verið í einkakennslu í tvö til þrjú ár eða meira komu betur út á stærðfræði ITBS heldur en þeir sem höfðu ekki verið í einkakennslu. Þar að auki komu nemendur sem höfðu lært á hljómborð eða píanó verulega betur úr á stærðfræði ITBS heldur en þeir sem höfðu ekki fengið neina kennslu á hljómborð. Þessar niðurstöður eru í takt við fyrrum rannsóknir á þessu sviði.

Unglingar sem hafa fengið kennslu í tónlist virðast hafa tilhneigingu til að standa sig betur í stærðfræði heldur en þeir unglingar sem ekki hafa fengið tónlistarkennslu (Rayl, 1995; Martin, 1995). Aðrir rannsakendur (Shaw o.fl. 1997) hafa allir fundið vísbendingar

um að þeir nemendur sem fá kennslu á hljómborð koma betur út í stærðfræði heldur en þeir nemendur sem ekki hafa fengið þessa kennslu.

Rannsókn Joyce M. Cheek og Lyle R. Smith var gerð til að komast að því hvort tegund tónlistarkennslu hefði áhrif á árangur unglunga í stærðfræði. Alls tóku 113 nemendur þátt og allir fengu þeir tónlistarkennslu í skóla (36 þeirra sóttu einnig einkakennslu í tónlist, 77 sóttu ekki einkakennslu í tónlist). Allir höfðu tekið ITBS prófið í lok 8. bekkjar. Í byrjun 9. bekk var tónlistarkunnátta þeirra skoðuð, hvernig hljóðfæri nemendur lærðu á, hvort það var eitt eða fleira (söngkennsla var einnig tekin inn í rannsóknina), hve lengi þeir höfðu fengið tónlistarkennslu í skólanum, hvort þeir væru í einkatímum og þá hve lengi þeir höfðu stundað það.

Meðal niðurstaðna rannsóknarinnar var að enginn munur fannst milli kynja í ITBS prófinu, lítill munur fannst á milli ITBS stærðfræðistiga nemenda sem fengu eða fengu ekki einkakennslu í tónlist. Í rannsókn Fisher & Malley (1997) og Shaw (1997) kemur fram að nemendur sem hafa lært á hljómborð virðast fá hærri einkunn í stærðfræði en samnemendur þeirra sem ekki lærðu á hljómborð. Þegar nemendur sem höfðu fengið einkakennslu í tónlist í tvö ár eða lengur, 22 talsins, voru bornir saman við nemendur sem ekki höfðu fengið neina einkakennslu, 77 talsins, kom í ljós greinilegur munur.

Nemendur sem höfðu lært í einkatímum í tvö ár eða fleiri voru með verulega hærra meðaltal í stærðfræðinni heldur en þeir nemendur sem sóttu ekki einkatíma. Ekki er vitað um hlut annarra breyta s.s. félagslegrar stöðu o.fl.

Það er áhugavert að nemendur sem læra á hljómborð virðast vera með hærra meðaltal í stærðfræði heldur en nemendur sem læra á önnur hljóðfæri. Það styður niðurstöður rannsókna Fisher og O'Malley (1997) og Shaw ofl. (1997).

4.3. Erlendar samanburðarrannsóknir

Mun fleiri rannsóknir hafa verið gerðar þar sem borin eru saman fjölmenn úrtök nemenda í tónlist við samanburðarhópa til að sýna fram á jákvæð og langvarandi áhrif tónlistarnáms á námsgetu á hinum ýmsu sviðum. Skólanám yfir höfuð (Spychiger o.fl. 1993), málþroska og lestur eftir tónlistarnám samkvæmt Kodály-aðferðinni og stærðfræði og skapandi hugsun (Mark 1978).

Kodály var brautryðjandi á sviði tónlistaruppeldis og hans kenningar voru um alþýðufræðslu. Sýnt hefur verið fram á jákvæð áhrif píanónáms á mál- og stærðfræðigetun en þó einkum rýmdarskynjun 10-11 ára barna (Costa-Giomi 1997). Niðurstöður rannsókna eru misvísandi. Í nýlegri yfirlitsgrein eftir C. Sharp, *The effects of teaching and learning the art* frá árinu 1998 er farið í niðurstöður fjölda rannsókna á áhrifum listkennslu á námsárangur, þar á meðal 16 rannsókna sem fengust við áhrif tónlistar eingöngu. Hluti þeirra staðfesti jákvæð áhrif tónlistar á vitsmunaproska og námsárangur barna (rýmdar- og formskyn, lestur og stærðfræði, auk félagsþroska). Jafnmargar rannsóknir leiddu þó til óljósrar niðurstöðu. Sharp (1998) nefnir einnig að þær fyrrnefndu einkennist bæði af tilhneigingu til að oftúlka niðurstöður og af ónákvæmum skilgreiningum á því í hverju tónlistarnámið var fólgið.

5. Samantekt

Viðvera barna er að aukast í skólum og þá sérstaklega á yngstu skólastigunum en stærsti hópurinn sem hefur sitt tónlistarnám er á yngsta skólastiginu. Ætti það þá ekki að vera hagur tónlistarskólans að tengja starf sitt meira inn í starf grunnskólans? (Silja Björk Baldursdóttir og Jón Torfi Jónasson 2004:19-20).

Þeir Stefán Edelstein og Guðmundur Guðbrandsson voru frumkvöðlar í rannsóknum á tónmenntastafi í skólum hérlendis. Þeir unnu gott starf sem var ef til vill byrjunin á íslenskum rannsóknum á þessu sviði.

Í rannsókn Sigríðar Teitsdóttur kom ýmislegt fróðlegt í ljós og augljóst er samkvæmt hennar niðurstöðum að nemendur sem leggja stund á tónlistarnám eru með hærri einkunnir og gengur betur í skólanum en öðrum nemendum. Sjálfsmynd þeirra er mun sterkari en annarra nemenda og þeir virðast vera færari í að skipurleggja tíma sinn heldur en aðrir nemendur.

Niðurstöður Ingu Dóru Sigfúsdóttur og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur studdu rannsókn Sigríðar og einnig virðast töluvert fleiri stúlkur vera í tónlistarnámi heldur en drengir. Þær fengu einnig þær niðurstöður að nemendur sem væru í tónlistarnámi væru jákvæðari í garð námsins, sjálfsöruggari og að þeim þætti námið hafa meiri tilgang en öðrum nemendum.

Tónlist er afar mikilvæg ungmennum og mjög auðvelt er fyrir þau að nálgast hana með alla þá tækni sem við búum yfir í nútímaþjóðfélagi. Zillmann og Gan (1997) segja í grein sinni að stór hluti unglunga hlusti á tónlist og að árið 1967 hafi rokk og ról tónlist selst fyrir meira en eina billjón dollara. 1978 áttu sölutölur í iðnaðinum að hljóða upp á fjórar billjónir en fóru nálægt sjö billjónum sem var langt fram úr áætlun. Áætlunin fyrir árið 1993 um vinsæla tónlist á markaðnum var um tíu billjónir og yfir tólf billjónir árið 1994. Þessar tölur sýna hversu miklu fjármagni tónlistariðnaðurinn ræður yfir.

Tónlistarmarkaðnum er beint til unglunga og mikið efni er búið til fyrir unglunga.

Unglingar kaupa þetta efni í stórum stíl og gefur það okkur vissa vísbengingu um hversu mikla þýðingu tónlist hefur fyrir unglunga almennt.

Athyglisvert er að taugafrumuvísindamenn hafa rannsakað þetta efni og eru niðurstöður þeirra í takt við það sem fram hefur komið.

Ljóst er að unglingar stjórna stórum hluta tónlistariðnaðarins í heiminum og má segja að þeir séu stærsti neytendahópurinn.


Það sama er upp á teningnum í grein Cheek & Smith, þar er miðað við samræmd stærðfræðipróf sem bandarískir unglingar fara í gegnum í 8. bekk. Áhugavert er að það mælist munur milli nemenda innan tónlistarhópsins, s.s. milli þeirra sem læra á hljómborð og þeirra sem læra á önnur hljóðfæri. Hljómborðsnemendum gengur betur á stærðfræðiprófunum, eru með hærra meðaltal heldur en þeim sem læra á önnur hljóðfæri.

6. Niðurstöður

Þegar spurningin um það hvort nemenda langi til að læra á hljóðfæri ef hann hefur aldrei lært á hljóðfæri er skoðuð má sjá að það eru aðeins 4 nemendur vilja alls ekki læra á hljóðfæri. 10 nemendur sem gætu hugsað sér að læra á hljóðfæri og fimm nemendur sem langar til þess að læra á hljóðfæri.

Mynd 1.


Þeir sem ekki hafa lært á hljóðfæri en langar til að læra á hljóðfæri



Á mynd 1 sést að áhugi fyrir tónlist og tónlistarnámi er fyrir hendi hjá flestum nemendum sem tóku þátt í könnuninni. Rúmlega tveir þriðju hlutar nemendanna hafa lært á hljóðfæri og af þeim þriðjungi sem hefur ekki lært á hljóðfæri eru nítján sem langar til þess eða gætu hugsað sér það. Aðeins 4 nemendur gætu alls ekki hugsað sér að læra á hljóðfæri.

Þegar spurningunni um hvort nemandi sé í tónlistarnámi núna er svarað má sjá að 15 nemendur svara ekki, 25 segja nei og 23 segja já. Af 64 nemendum eru þá 23 nemendur í tónlistarnámi núna sem er ekki svo hátt hlutfall af heildinni eða um 24% nemenda sem stunda tónlistarnám í dag.


Mynd 2.



Þrátt fyrir að aðeins 23 nemendur stundi tónlistarnám núna sýnir mynd 1. að 48 nemendur hafa stundað tónlistarnám með grunnskóla þó þeir geri það ekki endilega núna. Þeir sem svara ekki hafa aldrei verið í tónlistarnámi. En þeir sem svara hafa verið í tónlistarnámi þrátt fyrir að þeir stundi það endilega ekki núna. Í framhaldi af þessu er athyglisvert að skoða fylgnitölur hér að aftan en það má sjá að fylgni er á milli þess að stunda tónlistarnám samhliða námi í 8. bekk og einkunna í stærðfræði.

Þegar spurningin um það hvort tónmennt eigi að vera skyldugrein í 8. bekk grunnskóla er skoðuð þá er 1 nemandi sem að svarar ekki, 31 sem segja já og 32 sem segja nei. Nær helmingur nemenda finnst að tónmennt eigi að vera skyldugrein.


Mynd 3.



Hér á myndinni sést að nær helmingur nemenda er með því að tónmennt eigi að vera skyldufag í 8. bekk og rétt rúmur helmingur segir að tónmennt eigi ekki að vera skyldufag í grunnskóla. Hér má segja að nokkuð ánægjulegt sé að nær helmingur nemenda vilji tónmenntina sem grein þegar litið er til þess að tónmennt er kennd á mjög fáum stöðum í unglingadeild.

Þegar spurningin um hlustun á tónlist er skoðuð má sjá að aðeins 2% stráka telja sig hlusta frekar lítið á tónlist, 6% hvorki né, 12% frekar mikið og 10% mjög mikið. Á meðan telja stelpurnar sig hlusta ekkert, frekar lítið, 2% hvorki né, 14% frekar mikið og 18% mjög mikið.

Mynd 4.




Hér má sjá að stelpur telja sig hafa meiri áhuga á tónlist heldur en strákarnir. Þær svara frekar að þær hafi mikinn og mjög mikinn áhuga á tónlist á meðan strákarnir segja frekar nokkurn, mikinn og mjög mikinn.

Þegar spurningunni hvernig og hvort þau hafi áhuga á tónlist er svarað má sjá að stelpur telja sig hafa mjög mikinn áhuga á tónlist. Strákar hafa líka mjög mikinn og mikinn áhuga á tónlist en ekki eins mikinn og stelpurnar. T.d segja 9 % strákanna hafa nokkurn áhuga á tónlist á meðan 2 % stelpna hafa nokkurn áhuga á tónlist. Því hafa strákarnir frekar nokkurn áhuga á tónlist þó svo að enginn strákur hafi lítinn áhuga á tónlist. 1 % stelpna telja sig hafa lítinn áhuga á tónlist. Munurinn á milli kynjanna í miklum áhuga og mjög miklum áhuga á tónlist er töluverður eða 11 % á móti 15 % í mikinn áhuga á tónlist og svo 9 % á móti 16 % í mjög mikinn áhuga.

Mynd 5.

Áhugi á tónlist




Þessar niðurstöður stemma að nokkru leyti við mynd nr. 4 þar sem stelpurnar hafa vinninginn í að hafa mikinn og mjög mikinn áhuga á tónlist. Strákarnir virðast hafa nokkurn áhuga á tónlist. Þá er einnig meiri dreifing á milli strákanna heldur en stelpnanna í áhuga á tónlist og hlustun á tónlist.

Þegar spurningin um það hvort nemendur í 8. bekk í Garðaskóla stundi tónlistarnám utan grunnskóla er athuguð gefa niðurstöður til kynna að töluverður hluti nemendanna stundar tónlistarnám eða hefur einhvern tíman stundað tónlistarnám. Eða 48 nemendur af 64 nemendum. Þar er prósentuhlutfallið á milli kynjanna þannig að 21% stráka hafa stundað tónlistarnám og 27% stelpna hafa stundað tónlistarnám. Aðeins 16 nemendur af 64 nemendum stunda ekki tónlistarnám eða hafa ekki stundað tónlistarnám með grunnskólanum.

Mynd 6.

Ástundun tónlistarnáms




Eins og sést á töflunni hafa flestir nemendurnir einhvern tímann stundað tónlistarnám utan grunnskóla. Fleiri stelpur hafa þó stundað tónlistarnám utan grunnskóla þótt lítill munur sé á kynjunum.

Þegar spurningunni um það hversu miklum tíma þau eyði í tónlistarnámið á viku er svarað kemur fram töluverður mismunur á kynjunum. Strákarnir virðast eyða minni tíma í tónlistarnámið heldur en stelpur. Strákarnir svara 1% minna en 1 tíma á viku en engin stelpa eyðir það litlum tíma í tónlistarnámið, 7,81 % stráka segjast eyða 1 tíma á viku en engin stelpa segist eyða 1 tíma á viku, 3,12% stráka segjast eyða 2 tímum á viku en þar svarar 1 % stelpna því sama og að lokum segjast 7,81 % stráka eyða 3 tímum eða meira á viku í æfingar á meðan 21,88 % stelpna segjast eyða 3 tímum eða meira á viku í tónlistarnámið.

Mynd 7.


Tími í tónlistarnám



Samkvæmt þessari mynd eyða stelpur meiri tíma í ástundun tónlistarnámsins heldur en strákarnir. Ekki er vitað um ástæður þess að stelpurnar eyði meiri tíma í ástundun tónlistarnáms en ástæðan gæti verið sú að þær séu samviskusamari í náminu.

Þegar spurningunni um hvort að nemendur við Garðaskóla eigi vini eða kunningja sem að stunda tónlistarnám er svarað kemur það í ljós að nær allir nemendurnir eiga vini eða kunningja í tónlistarnámi eða 45.31 % strákanna og 51.56 % stelpnanna eða samtals 96.8 % nemenda.


Mynd 8.



Samkvæmt þessari töflu eiga næstum allir nemendur Garðaskóla vini í tónlistarskóla. Þegar skoðað er hvort nemendur hafi stundað tónlistarnám þá má sjá að nær allir nemendur hafa stundað tónlistarnám einhvern tímann yfir ævina og hér sjáum við að nær allir eiga vini eða kunningja sem að stunda tónlistarnám. Af þessu má lesa að tónlist og tónlistarnám er ofarlega á lista yfir áhugamál íslenskra unglunga.

Þegar spurningunni um hvort þau hafi farið á tónleika á þessu ári er svarað sést að 32,81% stráka fóru á tónleika á þessu ári og 42,19 % stelpna fóru á tónleika á þessu ári. Mikill áhugi er fyrir tónleikum hjá unglungum í Garðaskóla.


Mynd 9.



Samkvæmt þessari töflu hafa 75 % nemenda Garðaskóla farið á tónleika á þessu ári. Það eru margir nemendur af allri heildinni. Stelpurnar eiga þó vinninginn og virðast fara oftar á tónleika heldur en strákarinnir.

Þegar nemendur eru spurðir hversu oft þeir hafi farið á tónleika á þessu ári má sjá að 7,25% svöruðu ekki, 3,12% stráka svöruðu aldrei en 1% stelpna. 40,62% stráka svöruðu 1-3 sinnum en 29,69% stelpna. 1% stráka svöruðu 4-6 sinnum á ári en 7,81% stelpna. 7,81% stelpna svöruðu svo oftar en enginn strákur svaraði oftar.

Mynd 10.




Flestir nemendurnir hafa farið á einhverja tónleika á árinu. Stelpurnar eru þó iðnari við að fara á tónleika heldur en strákarinnir þó svo að munurinn sé ekki mikill. Það kom ekki á óvart að flestir nemendanna færu á tónleika þar sem að nær allir nemendurnir hafa mikinn eða frekar mikinn áhuga á tónlist.

Þegar spurningunni um bóklegu tímana í íslensku er svarað af nemendunum kemur í ljós að flestum finnst tímarnir í lagi eða 18,75% stráka og 21,88% stelpna svara í lagi. Næst mesta svöruninni kemur svo fram í frekar leiðinlegir eða 14,05% stráka og 9,38% stelpna. Aðeins 3,12% stráka svara nokkuð skemmtilegir en 12,5% stelpna svara þannig. Eingöngu stelpur svara mjög skemmtilegir en þó aðeins 3,12%.

Mynd 11.

Áhugi á bókmennta tímum í 8. bekk




Það er nokkuð ljóst að flestum nemendum finnst ekki gaman í íslensku bókmenntartímunum í skólanum. Samt eru flestir nemendurnir með háa einkunn í íslensku. Flestir sætta sig við tímana eða segja að þeir séu í lagi eða um 41% nemenda.

Þegar nemendur eru spurðir um áhuga sinn á tónmenntatímum kemur í ljós að aðeins 1% af strákum finnst tímarnir leiðinlegir og 6,25% frekar leiðinlegir. Engin stelpa svarar leiðinlegir eða frekar leiðinlegir. 4,69% stráka finnst tónmennt í lagi en 10,94% stelpna. 18,75% stráka segja tónmennt nokkuð skemmtilega og 17,19% stelpna. 15,52% stráka segja tónmennt mjög skemmtilega en 21,88% stelpna segja hana mjög skemmtilega. 3,12% stelpna svara annað.

Mynd 12.

Áhugi á tónmennt í 8. bekk




Þegar taflan er skoðuð má sjá að 7,75% af strákunum svara mjög leiðinlegir og leiðinlegir en engin stelpa. Stelpunum finnst tónmennt skemmtileg og nokkuð skemmtileg, það sama á við um strákana í þessu tilviki þó svo að örfáir svari hinum kostunum. Nemendurnir eru allir með frekar háa einkunn í tónmennt.

Þegar nemendur eru spurðir um stafsetningu og málfræði í skólanum, svara 2% ekki spurningunni. 7,81% stráka segja stafsetningu og málfræði leiðinlega en 4,69% stelpna. 14,06% stráka segja hana frekar leiðinlega en 9,38% stelpna. 18,75% stráka segja hana í lagi en 2,88% stelpna. 3,12% stráka segja íslensku skemmtilega en 12,5% stelpna. 1% stráka segja annað og 1% stelpna líka. Enginn strákur segir íslensku mjög skemmtilega en 3,12% stelpna segir íslensku mjög skemmtilega.

Mynd 13.

Áhugi á stafsetningu í 8. bekk




Hér sést að flestum nemendanna finnst stafsetningar- og málfræði tímarnir í sínum skóla vera í lagi. Fleiri stráka finnst tímarnir mjög leiðinlegir og frekar leiðinlegir. Fleiri stelpum finnst þeir nokkuð skemmtilegir. En eins og áður hefur komið fram eru flestir nemendurnir með háa einkunn í íslensku.

Þegar nemendur eru spurðir um stærðfræðitíma í sínum skóla segja 4,69% stráka hana mjög leiðinlega en engin stelpa segir hana leiðinlega. 4,69% stráka segja þá frekar leiðinlega en 7,81% stelpna. 29,69% stráka segja þá í lagi en 23,44% stelpna. 3,12% stráka segja þá nokkuð skemmtilega en 14,06% stelpna. 4,69% stráka segja tímana mjög skemmtilega en 7,81% stelpna segja þá mjög skemmtilega.

Mynd 14.

Áhugi á stærðfræði í 8. bekk




Hér sést að strákum finnst stærðfræði frekar í lagi heldur en stelpum. Stelpum finnst þó stærðfræði nokkuð skemmtileg og líka í fleiri tilvikum mjög skemmtileg. Þessar niðurstöður frá Garðaskóla sýna það að stelpum finnst ekki leiðinlegt í stærðfræði og finnst hún í raun ekki svo erfið. Flestir nemendurnir eru með háa einkunn í stærðfræði.

Þegar spurningunni um hvort íslenska sé erfið námsgrein er skoðuð má sjá að 3% svöruðu ekki spurningunni, 6,25% stelpna sagði hana mjög erfiða námsgrein en enginn strákur. 23,44% stráka sagði hana erfiða námsgrein en 14,06% stelpna. 20,31% stráka segja íslensku mátulega erfiða námsgrein en 21,88% stelpna. Enginn strákanna segir hana fremur auðveldla grein en 7,81% stelpanna segir hana fremur auðveldla námsgrein. 1,5% strákanna segja íslenskuna mjög auðveldla námsgrein og 1,5% stelpnanna.

Mynd 15.

Mat nemenda á erfiðleikastigi íslensku í 8. bekk




Dreifingin er fremur jöfn hjá strákunum og stelpunum. Flestir telja íslenskuna erfiða námsgrein eða mátulega erfiða námsgrein. Þó eru það eingöngu stelpur sem segja íslenskuna fremur auðveldu en aðeins 3% telja hana mjög auðveldu námsgrein og skiptist það jafnt á milli kynjanna. Eins og áður hefur komið fram eru nemendurnir með frekar háar einkunnir í íslensku.

Þegar spurningin hvort að stærðfræði sé erfið námsgrein eða ekki var athuguð svöruðu 2% stelpna ekki og 3,12% strákanna sögðu stærðfræðina mjög erfiða námsgrein. Stelpunum finnst stærðfræði ekki mjög erfið námsgrein. En 4,69% af strákunum sögðu hana vera erfiða námsgrein en 3,12% stelpna. 18,75% strákanna sögðu stærðfræði vera mátulega erfiða námsgrein en 25% stelpnanna. 12,5% strákanna segja stærðfræði fremur auðveldu námsgrein á meðan 9,38% stelpna segja það sama. 6,25% stráka segja stærðfræði mjög auðveldu námsgrein en 14,06% stelpnanna.

Mynd 16.

Mat á erfiðleikastigi stærðfræði í 8. bekk




Hér má sjá að hlutfall á milli kynjanna er mjög svipað að undanskildu því að 3,12% stráka segja stærðfræði mjög erfiða námsgrein en engin stelpa. Fleiri stelpum finnst stærðfræði auðveld námsgrein. Eins og áður hefur komið fram eru nemendurnir með mjög háar einkunnir í stærðfræði.

Þegar spurningunni um það hvort þér finnst tónmennt erfið grein er svarað má sjá að 1% segir hana erfiða námsgrein og það eru strákar, engin stelpa svara erfið grein. Svipað hlutfall er á milli kynjanna þegar þeir svara mátulega erfið grein eða 14,06% stráka og 9,38% stelpna. Strákarnir svara í 17,19% frekar auðveld námsgrein en stelpurnar 25%. Strákarnir segja í 14,05% tilvika að tónmennt sé mjög auðveld námsgrein en stelpurnar í 18,75% tilvika.

Mynd 17.

Mat á erfiðleikastigi tónmenntar í 8. bekk




Svörin á milli kynjanna eru mjög svipuð hér þegar spurt er um tónmenntina. Stelpunum finnst þó tónmenntin frekar auðveld námsgrein á meðan strákarnir svara einnig frekar auðveld námsgrein og mátulega auðveld námsgrein. Nemendurnir eru allir með frekar háar einkunnir í tónmennt.

Þegar spurningunni um hvort nemandi sé ánægður með árangur sinn í skólanum þetta árið er svarað sjáum við að aðeins 3,12% stráka er mjög óánægður með árangurinn og 1,55% stelpna. Nokkuð óánægð segjast 3,12% stráka vera og 3,12% stelpna. 9,35% stráka segjast ánægðir með árangurinn og 6,25% stelpna. 21,88% stráka segjast nokkuð ánægðir með árangurinn og 21,88% stelpna. 9,38% stráka eru mjög ánægðir með árangurinn í skólanum en 20,31% stelpna.

Mynd 18.

Metin ánægja með námsárangur í 8. bekk




Hér má sjá að lítill munur er á milli kynja nema þegar ánægður kemur fyrir en strákarnir virðast frekar ánægðir með námsárangur sinn heldur en stelpurnar. Hinsvegar er ljóst að stelpurnar eru frekar mjög ánægðar með námsárangurinn sinn. Oft kynjaskiptist munur eins og þessi og þá oftast þannig að stelpur eru ekki ánægðar með árangurinn sinn en strákar eru það.

Þegar nemendur eru spurðir um það hvort þeir haldi að þeir muni vinna við tónlist seinna meir kemur í ljós að 4,69% stráka telja sig munu vinna við tónlist en aðeins 1 % stelpna. Jafn margir segja nei eða 14,05% hjá báðum aðilum. Jafn margir segja ég veit það ekki eða 28,12% í báðum tilvikum.

Mynd 19.

Hugmyndir um tónlistar störf í framtíðinni



Hérna eru svör milli kynja næstum eins í öllum tilvikum nema strákar telja með litlum mismuni líklegra að þeir vinni við tónlist í framtíðinni. Flestir nemendurnir eru þó óvissir um hvort þeir muni leggja fyrir sig tónlist í framtíðinni.

6.1. Niðurstöður fylgnireikninga

Þegar reiknuð var fylgni á milli áhuga á tónlist, hlustunar, þess að sækja tónleika og lesa tónlistartímarit ásamt því að hafa stundað tónlistarnám áður en komið var upp í 8. bekk var fylgnin lítil sem engin.

Við fylgnireikninga kemur fram fylgni á milli einkunna í stærðfræði og að leggja stund á tónlistarnám samhliða námi í 8. bekk $r=0,31$, $p=,01$ en lítil sem engin fylgni virðist vera á milli einkunna í íslensku og þess að vera í tónlistarskóla $r=0,19$, $p=0,12$. Einnig kemur fram fylgni á milli þess tíma sem eytt er í tónlist vikulega og einkunna í stærðfræði $r=0,26$, $p=,033$ en ekki einkunna í íslensku $r=0,16$, $p=0,12$. Í ljósi þeirrar fylgni sem kemur fram á milli tónlistarnáms og tíma eytt í tónlist við einkunnir í stærðfræði en ekki íslensku, er áhugavert að sjá að há fylgni eða $r=0,67$ og $p>0,01$ er á milli einkunna í íslensku og stærðfræði. Fylgnin á milli tónlistarnáms og stærðfræði virðist því skýrast af öðrum þáttum en þeim sem ráða fylgni á milli stærðfræði og íslensku.

Við túlkun á niðurstöðum fylgnireikninga þarf að hafa í huga að 75% þessara nemenda hafa lagt stund á tónlistarnám utan grunnskóla. Einn nemandi segist ekki leggja stund á tónlist og fær einkunnina 10 í stærðfræði en það dregur úr áhrifum fylgnireikninganna sem og þegar borin eru saman meðalgildi einkunna. Meðaleinkunn þeirra sem leggja stund á tónlistarnám samhliða grunnskólanum er 8,2 og meðaleinkunn þeirra sem ekki leggja stund á tónlistarnám er 7,8. Hins vegar er meðaleinkunn þessara hópa í íslensku sú sama eða 7,7.

7. Umræður

Í rannsókn Ingu Dóru Sigfúsdóttur og Bryndísar Bjarkar Ásgeirsdóttur (2004) kom fram fylgni á milli tónlistarnáms og einkunna bæði í íslensku og stærðfræði en þær niðurstöður byggja á könnun sem náði til allra grunnskóla á Íslandi. Í rannsókn Joyce M. Cheek og Lyle R. Smith (1999) kemur fram að nemendur sem lærðu á hljómborð fá hærri einkunn í stærðfræði heldur en þeir sem lærðu ekki á hljómborð. Nemendur sem lærðu á önnur hljóðfæri voru með lægri einkunnir í stærðfræði heldur en þeir sem lærðu á hljómborð en voru samt með hærri einkunnir í stærðfræði heldur en þeir sem höfðu ekki sótt tónlistartíma utan skólans. Rannsóknin var gerð á 113 nemendum í 8. bekk í Bandaríkjunum.

Athuginin sem hér er greint frá takmarkast hinsvegar af nemendum í einum grunnskóla og leyfi foreldra þeirra fyrir þátttökunni. Þótt fylgni komi fram á milli tónlistarnáms og einkunna í stærðfræði er ekki vitað hvaða þættir liggja þar að baki. Þeir geta verið margvíslegir en ýmsar erlendar rannsóknir benda til þess að tengsl séu á milli menningarauðmagns (e *cultural capital*) og námsframmistöðu (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir 2004).

Það er greinilegt að stelpunum líður betur í skólanum, þær eyða meiri tíma í tónlist en þó eru færri sem halda að þær muni vinna við það. Nær allir nemendur í Garðaskóla þekkja einhvern sem stundar tónlistarnám í tónlistarskóla og sömuleiðis hafa nær allir nemendur Garðaskóla einnig stundað tónlistarnám einhvern tímann yfir ævina. Það eru um 75% nemenda sem hafa farið á tónleika á árinu sem er stór hluti nemenda, stelpurnar hlusta meira á tónlist en strákar og telja sig einnig hafa meiri áhuga á tónlist en þeir. Það er því ljóst að tónlist og tónlistarnám er ofarlega á lista yfir áhugamál þessara unglunga. Niðurstöðurnar úr fylgnireikningum í þessari könnun benda til þess að hjá þeim nemendum sem tóku þátt í könnuninni sé að finna einhver tengsl milli einkunna í stærðfræði og tónlistarnáms. Niðurstöðurnar gefa þó engar vísbendingar um hver raunveruleg tengsl eru en áhuga vekur að þau birtast ekki í einkunnum í íslensku. Þess vegna vekja niðurstöður fylgnireikninga upp spurningar um hver tengslin séu og hvers vegna þau komi ekki fram í báðum námsgreinunum. Frekari rannsókn er þörf til að svara spurningum um hvort að tónlist ýti undir rýmdarskilning og stærðfræðikunnáttu.

8. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1.

20.10.2006. Kæru foreldrar

Ósk um leyfi til rannsóknar v/ B.Ed. verkefnis við KHÍ

Við undirritaðar Guðrún Helga Magnúsdóttir og Svava Zophaníasdóttir, nemar á tónlistabraut Kennaraháskóla Íslands erum nú í vettvangsnámi í Garðaskóla. Við vinnum einnig að B.Ed ritgerð um áhrif tónlistarnáms á námsframmistöðu unglunga.

Nokkrar erlendar rannsóknir (t.d. Lamount, Hargrave, Marchall og Tarrant, 2003) sýna tengsl á milli námsframmistöðu og tónlistariðkunar en í verkefni okkar er athugað hvort sambærilegar vísbendingar sé að finna í íslensku skólasamfélagi. Því viljum við óska eftir leyfi til að vinna litla rannsókn með 8. bekk í Garðaskóla þar sem athugað verður hvort þeir sem leggja stund á tónlist fái hærri einkunnir í íslensku og stærðfræði en unglingar sem ekki leggja stund á tónlist.

Spurt verður um áhuga nemenda á tónlist og almenna tónlistariðkun. Hvort nemandinn sé í tónlistanámi utan og innan grunnskólans eða hafi einhvern tíma verið það. Hvers konar tónlistarnám viðkomandi hafi lagt stund á, hversu lengi o.s.frv. Ekki er spurt um persónuleg atriði í listanum. Hlutverk listans er eingöngu að afla upplýsingar um tónlistariðkun þeirra unglunga sem taka þátt í könnuninni. Spurningalistinn verður forprófaður, lesinn yfir og samþykktur af sérfræðingum í Kennaraháskóla Íslands áður en hann verður lagður fyrir nemendur.

Nauðsynlegt er að bera niðurstöður spurningalistans saman við einkunnir nemendanna í íslensku og stærðfræði til að geta séð hvort einhver tengsl séu á milli tónlistariðkunar og námsframmistöðu. Ekki verður unnt að sjá árangur einstakra nemenda í niðurstöðum eða úrvinnslu þar sem spurningalistarnir verða númeraðir og einkunnir kódaðar með númerum en ekki nöfnum. Að auki munum við fara með allar upplýsingar sem algjört trúnaðarmál og öllum gögnum verður eytt um leið og samanburður hefur farið fram.

Leiðbeinandi okkar er Kristín Valsdóttir kennari í Kennaraháskólanum. Hún mun vera okkur til halds og trausts í þessu verkefni.

Það er ósk okkar að sem flestir nemendur taki þátt í rannsókninni, því góð þátttaka eykur marktækni hennar.

Þeir foreldrar sem eru tilbúnir til þess að gefa okkur kennaranemum leyfi þeirra til þátttöku, vinsamlegast samþykki þátttöku með undirskrift hér neðst á blaðinu.

Ath. Nemendur eiga að skila blaðinu á skrifstofu skólans eins fljótt og unnt er.

Bestu kveðjur og fyrirfram þakklæti.

Ég samþykki með undirskrift minni að barnið mitt megi taka þátt í rannsókninni:

Nafn

nemanda: _____

Nafn

foreldris/forráðamanns: _____

Fylgiskjal 2.

**Könnun fyrir 8 bekk í Garðaskóla.
Rannsókn kennaranema sem er hluti af B.ed. verkefni.**

Fullt nafn nemanda: _____

Merkið x fyrir framan þann valkost sem þið teljið eiga best við ykkur.

Merkið aðeins við einn valkost nema annað sé tekið fram.

Ef þið viljið ekki svara ákveðnum spurningum þá sleppið þið þeim.

1.

Hvert er kyn þitt ?

___ a) Karlkyn

___ b) Kvenkyn

Í spurningu 2 megið þið merkja við fleiri en einn lið.

2.

Hver eru þín áhugamál ?

Merkið eingöngu við það sem að þið hafið áhuga á.

Raðaðu í númeraröð eftir áhuga. Nr 1. það sem þú hefur mestan áhuga á 2. fyrir næst mest 3. og svo koll og kolli. Ef þú hefur engan áhuga á einhverju atriðanna þá þarft þú ekki að merkja við það.

___ a) Íþróttir, hvaða? _____

___ b) Tónlist, hvers konar? _____

___ c) Tíska, hvers konar? _____

___ d) Dýr, hvaða? _____

___ e) Útivist, hvers konar? _____

___ f) Myndlist, hvers konar? _____

___ g) Bóklestur, hvaða bækur helst? _____

___ h) Tölvuleikir, Hverjir helst? _____

___ i) Önnur tölvuvinna, hvaða? _____

___ j) Leiklist, hvernig helst? _____

___ k) Ferðalög, hvert helst? _____

___ f) Annað, hvað? _____

3.a

Hlustar þú mikið eða lítið á tónlist ?

___ a) Mjög mikið

___ b) Frekar mikið

___ c) Hvorki mikið né lítið

- c) Frekar lítið
- f) Mjög lítið

3 b.

Hefur þú mikinn eða lítinn áhuga á tónlist?

- a) Mjög mikinn
- b) Mikinn
- c) Nokkurn
- d) Lítinn
- e) Engan → Ef þú merkir við Engan hér farðu þá næst í spurningu 6

Spurning 4 á einungis við þá sem að svöruðu spurningu 3 mjög mikinn b) mikinn c) nokkurn eða d) lítinn.

4.

Merkið eingöngu við það sem þið hafið áhuga á.

Ef þú hefur áhuga á tónlist þá hvað af eftirfarandi tónlist finnst þér skemmtilegust/áhugaverðust. Raðaðu í númeraröð eftir áhuga. Nr 1. það sem þú hefur mestan áhuga á, 2. fyrir næst mest, 3. og svo koll og kolli. Ef þið hafið ekki áhuga á einhverju atriðanna í spurningunni þá sleppið þið því atriði.

- a) Rokktónlist
- b) Rapptónlist
- c) Pönktónlist
- d) Teknótónlist
- e) Popptónlist
- f) Klassísk tónlist
- f) Annað, hvað? _____

5.

Hefur þú stundað tónlistarnám utan grunnskóla?

- a) Já
- b) Nei

Ef þú hefur einhvern tíma stundað tónlistarnám utan grunnskóla svaraðu þá spurningu 6, 7 og 8.

Ef þú hefur ekki stundað tónlistarnám utan grunnskóla farðu þá beint í spurningu 9.

(Hér má merkja við fleiri en einn lið.)

Merktu við allt sem á við um þig. Ef þú hefur eingöngu stundað tónlistarnám 6-9 ára þá merkir þú við það. Ef þú hefur lært lengur en það eða byrjað seinna en 9 ára, þá merkir þú líka við það.

6.

Stundaðir þú tónlistarnám utan grunnskóla þegar þú varst

- a) Yngri en 6 ára
- b) 6-9 ára
- c) 10-13 ára
- d) 13-15 ára

7.

Spurning 8 er fyrir þá sem hafa stundað tónlistarnám en eru hættir því í dag.

Hvers vegna hættir þú í tónlistarnámi?

- a) Missti áhugann
- b) Námið var of dýrt
- c) Líkaði ekki við skólann/kennarann
- d) Annað, hvað _____

8.

Ef þú hefur stundað tónlistarnám utan grunnskóla á hvaða hljóðfæri lærðir þú? Hér má merkja við fleira en eitt hljóðfæri.

- a) Fiðlu
- b) Píanó
- c) Blásturshljóðfæri (t.d. flautu eða trompet)
- d) Harmónikku
- e) Gítar
- f) Söng
- g) Annað hljóðfæri; hvaða? _____

Spurning 9 er fyrir þá sem ekki hafa verið í tónlistarskóla.

9.a

Ef þú spilar ekki á hljóðfæri langar þig þá til þess að spila á hljóðfæri?

- a) Langar mjög mikið til að læra á hljóðfæri
- b) Gæti hugsað mér að læra á hljóðfæri
- c) Gæti alls ekki hugsað mér að læra á hljóðfæri

9.b

Spilar þú á hljóðfæri en hefur aldrei lært á það í tónlistarskóla?

- a) Já
- b) Nei

**Þeir sem svara spurningu 9.b Já eiga að svara spurningu 10.
Þeir sem svara henni Nei þurfa ekki að svara spurningu 10.**

10.

Á hvaða hljóðfæri spilar þú þá? Hér má merkja við fleira en eitt hljóðfæri

- a) Fiðlu
- b) Píanó
- c) Blásturshljóðfæri (t.d. flautu eða trompet)
- d) Harmónikku
- e) Gítar
- f) Söng
- g) Annað hljóðfæri; hvaða? _____

11.

Ert þú í tónlistarskóla núna ?

- a) Já
- b) Nei

Spurning 12 er fyrir þá sem eru í tónlistarnámi núna.

12.

Hversu mörgum klukkustundum á viku eyðir þú í tónlistarnámið ?

- a) Minna en 1 tími á viku
- b) 1 tíma í viku
- c) 2 tímum í viku
- d) 3 tímum eða meira

Spurning 13 er fyrir þá sem hafa stundað tónlistarnám en eru hættir því í dag.

13.

Hversu mörgum klukkustundum eyddir þú á viku í tónlistarnám þegar þú varst í því?

- a) Minna en 1 tími á viku
- b) 1 tíma í viku
- c) 2 tímum í viku
- d) 3 tímum eða meira

14.

Átt þú vin/kunningja sem stunda tónlistarnám?

- a) Já
- b) Nei

15.

Hefur þú farið á tónleika á þessu ári?

- a) Já
- b) Nei

16.

Hversu oft eða sjaldan heldurðu að þú farir á tónleika á ári.

- a) Aldrei
- b) 1-3 á ári
- c) 4-6 sinnum á ári
- d) Oftar

17.

Lest þú einhver tónlistartímarit (blöð eða á interneti) ?

- a) Já, hvaða? _____

b) Nei

18.

Finnst þér að tónmenntakennsla eigi að vera skylda í 8.-10. bekk grunnskólanna í dag eða ekki?

- a) Já
 b) Nei

19.

Finnst þér tónmenntatímarnir í þínum skóla vera mjög skemmtilegir, nokkuð skemmtilegir, í lagi, frekar leiðinlegir eða mjög leiðinlegir?

- a) Mjög skemmtilegir
 b) Nokkuð skemmtilegir
 c) Í lagi
 d) Frekar leiðinlegir
 e) Mjög leiðinlegir
 f) Annað, hvað? _____

20.

Finnst þér íslensku/bókmenntatímarnir í þínum skóla vera mjög skemmtilegir, nokkuð skemmtilegir, í lagi, frekar leiðinlegir eða mjög leiðinlegir?

- a) Mjög skemmtilegir
 b) Nokkuð skemmtilegir
 c) Í lagi
 d) Frekar leiðinlegir
 e) Mjög leiðinlegir
 f) Annað, hvað? _____

21.

Finnst þér stafsetningar/málfræðitímarnir vera mjög skemmtilegir, nokkuð skemmtilegir, í lagi, frekar leiðinlegir eða mjög leiðinlegir?

- a) Mjög skemmtilegir

- b) Nokkuð skemmtilegir
- c) Í lagi
- d) Frekar leiðinlegir
- e) Mjög leiðinlegir
- f) Annað, hvað? _____

22.

Finnst þér stærðfræðitímarnir vera mjög skemmtilegir, nokkuð skemmtilegir, í lagi, frekar leiðinlegir eða mjög leiðinlegir?

- a) Mjög skemmtilegir
- b) Nokkuð skemmtilegir
- c) Í lagi
- d) Frekar leiðinlegir
- e) Mjög leiðinlegir
- f) Annað, hvað? _____

23.

Mætir þú mjög vel, frekar vel, hvorki vel né illa, frekar illa eða mjög illa undirbúin/n fyrir kennslustundir í þínum skóla?

- a) Mjög vel
- b) Frekar vel
- c) Hvorki vel né illa
- c) Frekar illa
- f) Mjög illa

24.

Finnst þér íslenska vera mjög erfið námsgrein, erfið námsgrein, mátulega erfið námsgrein, fremur auðveld námsgrein eða mjög auðveld námsgrein?

- a) Mjög erfið námsgrein
- b) Erfið námsgrein

- c) Mátulega erfið námsgrein
- d) Fremur auðveld námsgrein
- f) Mjög auðveld námsgrein

25.

Finnst þér stærðfræði vera mjög erfið námsgrein, erfið námsgrein, mátulega erfið námsgrein, fremur auðveld námsgrein eða mjög auðveld námsgrein?

- a) Mjög erfið námsgrein
- b) Erfið námsgrein
- c) Mátulega erfið námsgrein
- d) Fremur auðveld námsgrein
- f) Mjög auðveld námsgrein

26.

Finnst þér tónmennt vera mjög erfið námsgrein, erfið námsgrein, mátulega erfið námsgrein, fremur auðveld námsgrein eða mjög auðveld námsgrein?

- a) Mjög erfið námsgrein
- b) Erfið námsgrein
- c) Mátulega erfið námsgrein
- d) Fremur auðveld námsgrein
- f) Mjög auðveld námsgrein

27.

Ert þú mjög ánægð/ur, nokkuð ánægð/ur, ánægð/ur, nokkuð óánægð/ur eða mjög óánægð/ur með árangur þinn í skólanum það sem liðið er af þessum vetri?

- a) Mjög ánægð/ur
- b) Nokkuð ánægð/ur
- c) Ánægð/ur
- d) Nokkuð óánægð/ur
- e) Mjög óánægð/ur

28.

Ætlar þú í framhaldsskóla eftir grunnskólanámið?

- a) Já

- b) Nei
- c) veit ekki

29.

Ætlar þú í eitthvað háskólanám eftir framhaldskólanám ?

- a) Já
- b) Nei
- c) Veit ekki

30.

Telur þú líklegt að þú munir vinna við tónlist þegar þú ferð á vinnumarkaðinn ?

- a) Já
- b) Nei
- c) Veit ekki

Þakka þér fyrir að svara skoðunarkönnuninni okkar kveðja Guðrún Helga og Svava.

Heimildir

Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti. (2006). Sótt 23.mars 2007 á slóð:

http://menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/agalmennurhluti_2006.pdf

- Amalía Björnsdóttir. (2005, 21.september). *Spurningakannanir*. Fyrirlestur fluttur í Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík. Sótt 5.apríl 2007 á slóð:
http://starfsfolk.khi.is/amalia/adferd2005/fyrirlestur21sept_2.ppt#266,1,Spurningakannanir
- Cheek J. M; Smith L. R. (1999) *Music training and mathematics achievement*. ProQuest social science journals, 34(136), 759.
- Costa-Giomi, E. (1997). „The McGill Piano Project: Effects of piano instruction on children’s cognitive abilities.” *Proceedings of the third triennial ESCOM Conference*, Uppsalar, Sviðþjóð.
- Fisher, A., og O’Malley, C. (1997). The wrong Keyboard. *Popular Science*, (97), 41.
- Fræðslumiðstöð Reykjavíkur (2003). *Tillögur um fyrirkomulag tónlistaruppeldis í grunnskólum Reykjavíkur*. Reykjavík.
- Gardiner, M.F., Fox, A., Knowles, F. og Jeffrey, D. (1996). *Learning improved by arts training*. Nature 381,284.
- Hodges, D. A. (2000). A virtual panel of expert researchers: Four researchers in the field of music and the brain answer questions about their work and its larger implications. *Music Educators Journal*, (9), 40-60.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ágústsdóttir (2004). *Um gildi tónlistar fyrir íslensk ungmenni. Niðurstöður rannsókna meðal nemenda í 9. og 10. bekk grunnskóla á Íslandi*. Reykjavík:Rannsóknir og greining.
- Mark, M. (1978). *Contemporary music education*. New York: Schirmer books.
- Martin, M. (1995). SAT’s and music. *American Music Teacher*, (44), 16-17.
- Nisbet, S. (1991). Mathematics and music. *The Australian Mathematics Teacher*, (47), 4-8.
- Rauscher, F. H., Shaw, G. L. og Ky, K. N. (1995). Listening to Mozart enhances spatial-temporal reasoning: towards a neurophysiological basis. *Neuroscience Letters*, 185, 44-47.
- Rauscher, F. H., Shaw, G. L. og Ky, K. N. (1993). „*Music and spatial task performance*.” Nature, 365, 611.
- Rayl, A. J. S. (1995). Striking a neural chord: Musical links for scientists and mathematicians of tomorrow. *Omni*, 17, 14.

- Sharp, C. (1998). *The effects of teaching and learning the arts*. London: National Foundation for Educational Research, tilfærð í Lamont.
- Shaw, G., Rauscher, F., Levine, L., Wright, E., Dennis, W., og Newcomb, R. (1997). Music training causes long-term enhancement of preschool children's spatial-temporal reasoning. *Neurological Research*, (19), 2-8.
- Silja Björk Baldursdóttir og Jón Torfi Jónasson (2004, 21. febrúar) *Tónlistarmenntun á 21.öld. Hvert stefnir? Hvernig falla tónlistarskólar inn í skólakerfi 21.aldarinnar?* 18-21. Erindi flutt á málþingi. Kennaraháskóli Íslands. Reykjavík.
- Sigríður Teitsdóttir (2001). „Skerpir tónlistin skilninginn?“ *Skólavarðan*, 1 (3), 12-13. Grein byggð á M.Ed. ritgerð við Kennaraháskóla Íslands, vorið 2000.
- Spychiger o.fl. (1993). Music makes the school. Útdráttur í Overy, K. (1998). *Can Music really “improve” the mind? Psychology of Music*, 26 (1), 97-89.
- Stefán Edelstein (1976). *Er gaman í skólanum?* Menntamál, 49, (1).
- Wenger, W., og Wenger, S. H. (1990). Training music sight-reading and perfect pitch in young children as a way to enhance their intelligence. *Journal of the Society for Accelerative Learning and Teaching*, spring-winter (15), 77-89.
- Zillman, D., og Gan, S. (1997). Musical taste in adolescence. I D. J. Hargreaves och A. C. North (Red). *The social psychology of music*. Oxford. Oxford University Press.
- Þorlákur Karlsson. (2003). Spurningakannanir: Uppbygging, orðalag og hættur. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. (331-355). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.